



ÁTTU
KORTER
Á DAG?

Læsissáttmáli

HEIMILIS OG SKÓLA



NÁNARI ÚTFÆRSLA Á ATRIÐUM
LÆSISSÁTTMÁLA HEIMILIS OG SKÓLA

1

LESUM FYRIR BARNIÐ OG VERUM FYRIRMYNDIR



Lestur byggist á færni í móðurmálinu og því má segja að undirbúningur lestrar- náms hefjist strax á fyrstu ævimánuðum barnsins þegar það fer að gefa gaum að hljóðum og talmáli í umhverfi sínu. Því betri málþroska sem barn hefur því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám. Barn sem hefur greiðan aðgang að fólki sem ræðir við það um heima og geima, les fyrir það og kennir því ný orð, á alla jafna auðveldara með að ná tökum á lestri og skilja það sem það les. Málvitund og orðaforði eykst ef lesið er fyrir barnið. Gott er að leggja áherslu á að:

- tala við barnið og hlusta á það tjá sig
- kenna barninu ný orð úr bókum og málumhverfi
- lesa með barninu á hverjum degi og ræða við það um efnið
- lesa sem mest af fjölbreyttu efni og misflóknu
- velja bækur sem auka orðaforða barnsins og þekkingu en gæta þess samt að efnið sé ekki of erfitt
- syngja með barninu
- kenna barninu vísur, þulur, gátur og rím
- gera lestrarstund að jákvæðri upplifun
- hafa fastan lestrartíma á hverjum degi



Börn læra tungumálið hjá foreldrum sínum og öðrum sem þau umgangast. Sam- ræður og lestrarstundir með fjölskyldunni leggja grunn að lestrarnámi barna síðar meir. Auk þessa er upplestur góð samverustund barna og foreldra og einföld leið til að sameina gagn og gaman. Lestur örvar ímyndunarafl barna og sköpunargáfu og eykur skilning þeirra á umheiminum. Góð bók getur hjálpað börnum að setja sig í spor annarra. Einnig getur verið gott að takast á við erfiðari viðfangsefni og upplifanir í lífi barns í gegnum lestur og samtál um texta. Aukin almenn þekking og fjölbreyttur orðaforði hjálpa börnum að lesa og skilja krefjandi texta af ýmsu tagi. Með því að byggja traustan lestrargrunn erum við að vinna í haginn fyrir skólagönguna og árangur almennt því góð lestrargeta hefur áhrif á lífsgæði.

Engin ástæða er til að hætta að lesa fyrir börn þó svo þau eldist og geti lesið sjálf. Börn á öllum aldri njóta þess að hlusta á upplestur og einnig tekur tíma fyrir börn að ná þeirri lestrarfærni sem þarf til að geta notið yndislestrar. Þegar börn eldast og lesa meira í einrúmi er tilvalið að lesa sömu bækurnar og þau og ræða svo innihaldið. Mikilvægt er að vera góðar fyrirmyndir en oft skiptir meira máli hvað við gerum en hvað við segjum. Höfða þarf jafnt til drengja sem stúlkna. Góðar fyrirmyndir geta skipt máli í því tilliti, t.d. bókhneigðir karlmenn í lífi drengja. Einnig er mikilvægt að bjóða lesefni sem vekur áhuga og tengist jafnvel öðrum áhugamálum. Þá skiptir máli að leyfa börnum að velja lesefni.



2

HLUSTUM Á BARNIÐ LESA



Mikilvægt er að hlusta reglulega á börn lesa og gera það af áhuga og athygli. Börn læra málið af samskiptum við annað fólk, oftast án sérstakrar kennslu. Lestur þarf hins vegar að kenna og þjálf. Lestur ætti fyrst og fremst að vera ánægjuleg reynsla og miklu skiptir að börnum finnist þau ráða við viðfangs-efnið. Mikilvægt er að börn og unglingar haldi áfram að lesa eftir að lágmarksfærni er náð og er það í raun forsenda þess að þau ráði við stöðugt erfiðara lesefni og flóknari orðaforða. Gott er að ræða saman um textann til að ganga úr skugga um að barnið þjálfí skilning á lesefninu. Til dæmis er gagnlegt að fara í gegnum eftirtalin atriði:

- Spyrja um söguþráðinn
- Spyrja út í persónur
- Hver er boðskapur sögunnar?
- Gæti sagan gerst í alvörunni?
- Hvað myndir þú gera?
- Hvernig leið þér eftir lesturinn?
- Varðstu einhvers vífsari?
- Fannst þér erfitt að skilja einhver orð?
- Hvað fannst þér mest spennandi eða skemmtilegast?
- Hvað gæti gerst næst?

Lesefni skólastiganna þyngist með hverju stigi og því er mikilvægt að fylgjast vel með framförum alla grunnskólagönguna, bæði í lesfimi og lesskilningi. Foreldrar setja oft reglur eða komast að samkomulagi við börn um hversu langan tíma þau fá til að vera í tölvu, horfa á sjónvarp o.s.frv. Sama ætti að gilda um lestur. Börnum líkar að hafa hlutina í föstum skorðum og gott er að koma á rútínu með lestur eins og aðra hluti. Auðvelt er að venja börn við að lesa t.d. hálf tíma á dag og þau ættu að lágmarki að lesa upphátt í u.þ.b. 15 mínútur á dag. Við eigum öll korter til að hlusta á börnin okkar lesa.



Í dag eru gerðar kröfur um raunprófaðar kennsluaðferðir sem eiga að tryggja börnum faglega kennslu. Þjálfun heima fyrir er eftir sem áður mikilvæg og getur ráðið úrslitum um að barnið nái að fylgja jafnöldrum. Reglulegur heimalestur er mikilvægari en margir gera sér grein fyrir. Verum því dugleg að fylgja þessu eftir, árið um kring. Miklu skiptir að viðhalda þeirri færni sem þegar hefur verið náð með því að sjá til þess að barnið lesi líka í fríum. Rannsóknir sýna að það getur tekið tíma að ná upp þeirri færni sem barnið var með fyrir frí ef ekki er haldið vel á spöðunum. Ágætt er að miða við minnst korter á dag. Miklu skiptir að kröfur séu við hæfi, hvorki of miklar né litlar.

- Sýnið lestri barnsins áhuga og hrósið þegar við á.
- Hlustið á barnið lesa daglega.
- Gerið lestrarstundina að jákvæðri upplifun, leiðréttið af nærgætni.
- Gætið þess að þyngd texta til lespjálfunar hæfi lestrargetu barnsins.
- Takið hlé ef barnið þreytist og gætið þess að það sé ekki svangt.
- Gott er að skiptast á að lesa ef textinn reynist erfiður.
- Leggið áherslu á að barnið læri bókstafina og hljóð þeirra.
- Hjálpið barninu að tengja hljóð saman svo úr verði orð. Ritun er öflug leið til að þjálfna næmi fyrir tengslum bókstafa og hljóða og örva hljóðkerfisvitund.
- Notist við hljóðbækur. Til dæmis í bílnum, á kvöldin þegar líður að háttatíma og við fleiri tækifæri.
- Fáid börn til að lesa í fríum og takið bækur með í ferðalög.
- Leitið frekari leiðbeininga hjá kennara barnsins um hvernig best er að haga heimanámi í lestri og ritun, um þyngd lesefnis og kröfur.

Lestur er ein flóknasta færni sem barn þarf að ná tökum á í lífinu og því er mikilvægt að halda vel utan um lestrarþjálfun barnsins. Lestur er ævilöng iðja.



Líklegra er að barn lesi ef það hefur eitthvað skemmtilegt að lesa. Sjálfsagt er að eiga bækur heima fyrir þegar andinn kemur yfir okkur en einnig getur verið áhrifaríkt að gerast áskrifandi að áhugaverðu efni. Einfalt er að útvega sér bækur í gegnum netið ef til er snjalltæki á heimilinu. Auk þessa er gaman að gera sér ferð á bókasafn, lesa þar og fá lánaðar bækur sem hæfa aldri barns og þroska.

Ef barnið ræður ekki sjálfst við texta er tilvalið að lesa fyrir það og fá hljóðbækur að láni. Þannig kynnist barn sem á erfitt með lestur þeim orðaforða og þeirri þekkingu sem læsir jafnaldrar fást við. Fylgist með að barnið fái hljóðbækur í lesgreinum sé þess þörf en þess fyrir utan geta hljóðbækur gagnast öllum börnum og verið ágætis tilbreyting. Gagnlegt getur verið að lesa saman bók sem gerð hefur verið kvikmynd eftir og horfa síðan á myndina að lestri loknum, eða öfugt. Horfa á kvikmynd og lesa síðan bókina. Þá má ræða mismunandi upplifanir af lestri bókarinnar og bera saman við áhorf myndarinnar.

Stundum skortir viljann eða lestrarhvötina. Til að örva áhuga á lestri er nauðsynlegt að gefa börnum kost á að hafa hönd í bagga með hvað þau lesa. Um leið og lestrarefnið snýst um eitthvað sem vekur athygli þeirra og áhuga eykur það alla jafna hvatann til að lesa. Fyrst kemur viljinn og getan fylgir í kjölfarið. Gott aðgengi að bókum bætir læsi og því er mikilvægt fyrir öll börn að geta auðveldlega nálgast bækur. Þá er rétt að nefna að börn geta fengið bókasafnsskírteini endurgjaldslaust.

Börnum gengur misvel að læra að lesa og vísbendingar um hugsanlega lestrarörðugleika má greina strax á leikskólaaldri. Vandlega er fylgst með málþróun barna og skimunarpróf notuð á leikskólum sem finna börn í áhættu vegna lestrarerfiðleika. Í kjölfarið er skipulögð markviss þjálfun sem hjálpar barninu að ná tökum á undirstöðubáttum lestrarnáms. Fagaðilar í skólanum gefa foreldrum síðan leiðbeiningar og ráðgjöf. Snemmtæk íhlutun af þessu tagi viðheldur virkni og áhuga sem verður síðar hvati að lestrartengdum viðfangs-efnum. Markmiðið er að draga úr lestrarerfiðleikum og koma jafnvel í veg fyrir þá.

Ef þig grunar að barnið þitt eigi við lestrarörðugleika að stríða er mikilvægt að leita hjálpar snemma. Því fyrr sem barnið fær aðstoð því betra en munum að þótt hafa þurfi meira fyrir hlutunum er ekkert ómögulegt í þessu samhengi. Mikilvægt er að vera samvinnufús ef kennari bendir á erfiðleika hjá barninu og að vinna með kennara að því að ná árangri. Talið er að rekja megi vanda marga barna sem eiga erfitt með nám til veikleika í lestri og máli. Börn með lestrarörðugleika þurfa markvissa og vel skipulagða lestrarþjálfun og foreldrar þeirra þurfa sérfræðiaðstoð og ráðgjöf. Þörf er á góðri samvinnu milli heimilis og skóla þegar slíkt kemur upp.

Á netinu er mikið af efni og góðum ábendingum og einnig eru til ýmis smáforrit sem styðja við lestur og tal. Einnig getur verið gott að ræða við aðra foreldra í sömu sporum.

Hér eru nokkur góð ráð fyrir foreldra ungra barna í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla:

- Hafði stafrófið sýnilegt og aðstoðið barnið við að leika sér með bókstafina.
- Nýtið ykkur tölvuforrit sem í boði eru.
- Haldið áfram að lesa og syngja fyrir barnið þó svo formlegt lestrarnám sé hafið.
- Eflið frásagnarhæfni og orðaforða. Skoðið myndir með barninu og leyfið því að segja frá eða útskýra.
- Gætið þess að hafa lestrarstundir ekki of langar og í samræmi við úthald barnsins.

Gott er að leita upplýsinga og aðstoða barnið í samvinnu við skólann. Leita má m.a. aðstoðar og upplýsinga hjá eftirfarandi:

- umsjónarkennara
- sérkennara
- skólabókasafni
- þjónustumiðstöðvum og skólaskrifstofum
- Félagi lesblindra á Íslandi, fli.is
- á lesvefurinn.hi.is
- á vefjum Menntamálastofnunar, mms.is og gottadlesa.is
- Miðju máls og læsis (MML) hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, mml@reykjavik.is
- á vef Heimilis og skóla, heimiliogskoli.is



Öll börn þurfa að öðlast sterkan grunn í a.m.k. einu tungumáli til þess að ná tökum á lestri. Foreldrar barna sem alast upp við tvö eða fleiri tungumál þurfa að hlúa sérstaklega vel að máltöku og málþjálfun barna sinna og setja sér það markmið að barnið nái góðum tökum á að tala og lesa a.m.k. eitt tungumál. Tvítyngi er gjöf sem barnið fær frá foreldrum sínum og samfélaginu. Því er mikilvægt að foreldrar lesi fyrir barnið bæði á móðurmáli sínu og íslensku. Þegar foreldrar lesa fyrir barn á móðurmáli sínu styrkist lesskilningur þess og orðaforði en tvítyngi hefur jákvæð áhrif á nám þegar báðum tungumálum er viðhaldið. Ef áætlað er að barnið verði alla sína grunnskólagöngu í íslenskum skóla er þó heppilegast að það læri sem fyrst að lesa og tala íslensku.

Tvítyngdir nemendur þurfa að hafa aðgang að orðabókum á móðurmáli sínu. Þar sem tvítyngd börn þurfa að deila tíma sínum og athygli milli tveggja eða fleiri tungumála getur það tekið þau lengri tíma að ná tökum á orðaforða á við eintyngda jafnaldra. Markvissar náms- og kennsluaðferðir geta aukið orðaforða tvítyngdra barna sem hefur aftur jákvæð áhrif á lesskilning. Hægt er að leita aðstoðar og upplýsinga hjá eftirfarandi aðilum:

- Móðurmál – samtök um tvítyngi, modurmal.com
- Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika, lesvefurinn.hi.is
- Tungumálatorg, tungumalatorg.is





Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ